

Fagrað ÞÍH – fundur 25.2.2026

kl 14.30-16:00

Mættir: Anna Bryndís Blöndal ÞÍH, Oddný Eva Böðvarsdóttir HVE, Sigríður Sía Jónsdóttir HA, Karólína Andréasdóttir HSA, Snorri Björnsson HSS, Margrét Ýrr Sigurgeirsdóttir HSU, Örn Ragnarsson HSN, Súsanna Björg Ástvaldsdóttir HVEST, Helga Gottfreðsdóttir HÍ, Nanna Sigríður Kristinsdóttir HH og Arna Þórdís Árnadóttir ÞÍH sem skrifar fundargerð

Sigríður Dóra Magnúsdóttir forstjóri HH kemur inn sem gestur

Dagskrá

1. Staða mála

- Sigríður Dóra gerir grein fyrir stöðu mála og samtali við ráðuneyti.
 - 80 milljónir af fjármagni sem HH fékk vegna kennslu sérnámslækna fært yfir til ÞÍH fyrir kennslustjóra.
 - Viðmið komið frá LSH um hvað þarf mikið starfshlutfall í kennslustjóra sérnámslækna. Miðað við það ætti að vera 1,5 stöðugildi í kennslustjóra sérnáms í heimilislækningum. Fjárhæðin að ofan fer í það.
 - Fjármál ÞÍH aðskilin í tvennt – Kennsla/Annar rekstur.
 - Áætlað að auglýsa stöðu forstöðumanns ÞÍH á næstu vikum.
 - ÞÍH er sjálfstæði eins og hver önnur eining innan HH. Framkvæmdarstjórn leggur áherslu á að það. Allar einingar þurfa ákveðinn skýrleika og ramma til að fylgja en fyrir utan það er hver eining mjög sjálfstæð.

2. Ársyfirlit 2025 og verkefni framundan

- Anna Bryndís fer aðeins yfir ársyfirlitið sem var gefið út fyrir 2025 og svo helstu áherslur og verkefni næstu missera;
 - Gæðahandbók
 - Ný heimasíða
 - Styrkja tengslin við grasrótina
 - Fara úr sviðum yfir í markhópa
 - Fóta okkur betur í vísindastarfi

3. Umræða: Hlutverk og forgangsmál ÞÍH

- Kjarnahlutverk ÞÍH.
- 2–3 forgangsmál næstu 12 mánuði.
- Punktur úr umræðum:

- Leggja ætti áherslu á að vinna gæðahandbók fyrir heilsugæslu í landinu. Minni stofnanir hafa ekki burði til að hafa eigin gæðahandbók. Leggja áherslu á að gera gæðahandbókina notendavæna og að auðvelt sé að leita að efni í henni.
- Velt upp hvort hægt sé að efla landsbyggðar heilsugæsluhjúkrun. Getur ÞÍH komið að því að valdefla hjúkrunarfræðinga úti á landi? Samstarf heilbrigðisstofnana á landinu?
- Fjármögnunarlíkanið rætt. Ætti ÞÍH ekki að setja fram gæðaviðmið sem yrðu send á HRN? Gæðaviðmið ættu að auka gæði þjónustunnar. Dæmi um ósannigrni sem er í fjármögnunarlíkaninu er að borgað er fyrir að hafa fasta heimilislækna, en þeir sem ekki ná að fastráða lækna eru mögulega með skjótari og betri þjónustu en er refsað af því að þeir eru ekki í fastri stöðu. Lagt til að ÞÍH fari í vinnu með grasrótinni um gæðaviðmið.
- Passa þarf við innleiðingu á nýju verklagi að búið sé að hugsa út í öll möguleg áhrif. Keðjuverkun vegna breytinga getur orðið sem á að einfalda hluti en verður til þess að það vanti starfsfólk sem er ekki til staðar kannski á landsbyggðinni.
- Rannsóknarvinna þyrfti að vera meiri hluti af starfseminni. Rannsóknir þurfa að vera aðgengilegar og sýnilegar. ÞÍH ætti að vinna að því að aðstoða við að gera rannsóknarvinnu innan heilsugæslu auðveldari. Mögulega ráða verkefnastjóra vísindarannsókna sem hægt væri að leita beint til.
- Þurfum að vanda til verka þegar við bætum við nýjum stéttum í heilsugæslu. Passa að heilsugæslan fari ekki í að sinna 2. stigs þjónustu. Það er ekki hennar hlutverk.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl 16.00